



Áveitan

6. tbl. 13. árgangur. Júní 2019

Þjóðhátíðardagskrá í Flóahreppi

Venju samkvæmt þjóða kvenfélögin í Flóahreppi og Umf. Þjótandi til hátíðardagskrár í tilefni 17. júní. Hátíðin fer fram í Einbúa en ef veður er sérstaklega vont verður dagskráin færð inn í Þingborg. Það verður þá tilkynnt á heimasíðu Flóahrepps og á facebooksíðu Þjótanda.

Dagskrá:

13:00- Hraðmót Umf. Þjótanda í fótbolta fyrir krakka í 4.-10. bekk.

14:30- Hátíðardagskrá hefst. Fjallkonan ávarpar samkomuna, fánareid og söngur.

Að því loknu verða kaffiveitingar í tjaldi og eru allir beðnir um að koma með eitthvað á hlaðborðið. Best er að koma með eitthvað sem fer vel í hendi þar sem ekki er hægt að setjast til borðs á staðnum. Kvenfélögin bjóða uppá kalda drykki en fyrir þá sem kjósa heldur kaffi getur verið góð hugmynd að hafa það með sér á brúsa.

Andlitsmálningin verður á sínum stað og leikir fyrir börn og fullorðna. Hver veit nema reiptogskaðallinn verði á svæðinu?

Nánari dagskrá verður auglýst á facebook þegar nær dregur. Fjölmennum í Einbúa á þjóðhátíðardaginn og eigum saman góða og hátíðlega stund.

Umf. Þjótandi
Kvenfélögin í Flóahreppi

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisevao@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Flóahreppur þakkar þeim fjölmörgu sem komu að undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar „Fjör í Flóa“ sem var haldin 24. og 25. maí s.l. Hátíðin heppnaðist í alla staði mjög vel og veðurguðirnir voru okkur hliðhollir alla helgina.

Hátíðin hófst formlega í Þjósárveri með afmæliskaffi þar sem haldið var upp á afmæli félagsheimilanna Félagslundar sem verður 70 ára og Þjósárvers sem verður 60 ára á þessu ári. Árni Eiríksson og Ólafur Sigurjónsson rifjuðu upp skemmtilegar minningar sem leiddu hugann að gildi og mikilvægi félagsheimila fyrir samfélög. Menningarstyrkur Flóahrepps var afhentur trélistakonunni Siggú á Grund sem vinnur að heildstæðu verki um gangtengudir íslenska hestsins. Verkið mun verða til sýnis í Flóahreppi þegar því er að fullu lokið. Íþróttamenn ársins þau Dagur Fannar Einarsson og Sara Ægisdóttir voru heiðruð fyrir frábæra ástundun og árangur. Nemendur í 5. og 6. bekk Flóaskóla sungu og spiluðu á langspil undir stjórn Eyjólfssonar. Langspilin höfðu þau smíðað sjálf undir haldleiðslu Eyjólfssonar og var þetta hluti af lokaverkefni hans í þjóðfræði. Ósk Unnarsdóttir formaður Kvenfélags Villingaholtshrepps færði Þjósárveri rafdrifið sýningartjald í tilefni afmælisins. Dagskránni í Þjósárveri lauk með fallegu söngatriði Kolbrúnar Kötlu Jónsdóttur.

Mjög góð þátttaka var í gönguferðinni í ár en um 150 manns á öllum aldri mættu til leiks. Gengið var frá Hurðarbaki að 360° hótelinu í

Hnaus og til baka aftur en boðið var upp á far í heyvagni fyrir þreytta fætur á heimleiðinni. Veitingar voru í boði húsráðenda á báðum stöðum.

Á fimmtudagskvöldið var eldri borgurum boðið á tónleika í Tré og list en opnir tónleikar voru á föstudagskvöldinu þar sem einnig var opnuð málverkasýning.

Kvenfélögin í Flóahreppi sáu um morgunmat í Félagslundi en eftirtalin fyrirtæki styrkja „Fjör í Flóa“ með veitingum á morgunverðarborðið: Nettó, HP bakstur, Mjólkursamsalan, Sláturfélag Suðurlands, Nesbú egg í Miklholtshelli og Melar grænmetissala.

Í Þingborg var samfelld dagskrá á laugardegi þar sem allir gestir fundu eitthvað við sitt hæfi. Þar var meðal annars vélasýning, hreystibraut, vöflukaffi, blómasala, kökubasar, hlutavelta, sölubásar, kökuskreytingakeppni, töframaður, og Gunni og Felix svo eitthvað sé nefnt. Hægt var að fá far yfir í Gömlu Þingborg og til baka í hestvagni en þar var opið hús í báðum fyrirtækjum. Hátíðinni lauk með „Tónahátíð“ í Félagslundi á laugardagskvöldi. Kynnir kvöldsins var Björk Jakobsdóttir.

Menningarnefnd Flóahrepps, Kvenfélögin í Flóahreppi, Ungmennafélagið Þjótandi, starfsmenn Flóahrepps ásamt fyrirtækjum á Suðurlandi sem bera hitann og þungann af undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar „Fjör í Flóa“ þökkum við fyrir óeigingjarnt og ómetanlegt framlag til hátíðarinnar og gestum öllum fyrir komuna. Munið að taka frá dagana 22. – 23. maí 2020, þá verður aftur „Fjör í Flóa.“

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri

Frábær þátttaka er á leikjanámskeiði Umf. Þjótanda sem hefst 11. júní. Kennarar verða Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir. Námskeiðið fer að mestu fram á íþróttasvæðinu við Flóaskóla en annars verður fyrirkomulag námskeiðsins kynnt foreldrum þátttakenda gegnum tölvupóst.

Pistillinn

Jæja, þá er komið að mér að láta ljós mitt skína hér í héraðstíðindum okkar Flóamanna.

Högni heiti ég og bý á Egilsstaðatjörn. Ég er giftur henni Miu og saman eigum við hann Albert. Nú eru að verða þrjú ár síðan að við fluttum hingað frá Selfossi, en við keyptum landið fyrir átta árum. Okkur hjónum langaði að búa í sveitinni, vera með hross, fáeinar hænur og þegar að Mia fór að grennslast fyrir um “jarðnæði “ lét Einar á Urriðafossi Miu vita af skika sem gæti passað fyrir svona hokur. Þessar ráðleggingar Einars heppnuðust nú þannig, að fljótlega eftir að við fluttum hingað og fórum að kynnst nágrönnum okkar og segja þeim frá hver hefði sagt okkur frá landinu, ákvað hann að bregða búi og flytja á Selfoss.

En að öllu gamni slepptu er gott að vera fluttur í hreppinn og við erum ánægð með að tilheyra samfélagi þar sem flestir þekkjast og vinna saman að því að bæta það.

Mér finnst mikið gott að sjá hvernig eru að verða kynslóðaskipti á bæjunum í nágrenni við okkur og að unga fólkið sem er að taka við hafi trú á því að það sé framtíð í búskap þrátt fyrir allt.

Ég hef unnið fyrir Landsnet síðustu árin sem línumaður og þar sem að þeirri vinnu fylgja mikil ferðalög um Ísland hef ég sannfærst betur og betur um hve mikilvægt er að halda sveitum í byggð og að fólk standi saman og leggi sitt af mörkum til að samfélagið þrífist. Partur af því er að kynslóðaskipti verði á jörðum og börn komi í skólana.

Ég hef því miður ekki getað verið eins mikið heimavið eins og ég hefði viljað vegna vinnu en nú fer landið vonandi að rísa því að ég er byrjaður að keyra sjúkrabil í Rangárvallasýslu og get ef til vill fengið að taka þátt í heimilishaldi af og til.

Að lokum langar mig að biðja Ingólf á Brimstöðum að gera lítilla grein fyrir sér.

Högni Þór Arnarson,
Egilsstaðatjörn

Áveitan-áskrifargjöld

Nú er komið að því að greiða áskriftargjöld fyrir Áveituna. Þeir sem búa utan Flóahrepps og eru hvorki félagar í Þjótanda eða kvenfélögunum í Flóahreppi fá kröfu í heimabankann hjá sér á næstu dögum. Þeir sem ekki hafa greitt seðilinn í lok júní detta sjálfkrafa út af áskrifendalistanum.

Við bendum einnig á að hægt er að fá Áveituna senda í tölvupósti sér að kostnaðarlausu, hægt er að senda línu á einhverja okkar í ritnefndinni og láta vita sé áhugi á því.

Ritnefnd Umf. Þjótanda

Hraðmót Umf. Þjótanda í fótbolta

Umf. Þjótandi stendur fyrir hraðmóti í fótbolta á 17. júní í Einbúa. Mótið er fyrir alla krakka í 4. -10. bekk og hefst kl 13:00. Fjöldi þátttakenda mun ráða því hvort spilað verður á einum eða tveimur völlum. Raðað verður í lið á staðnum og leikgleðin höfð í fyrirrúmi. Í lokin mun svo sigurliðið keppa við úrvalslið fullorðinna.

Að móti loknu hefst hátíðardagskrá.

Hraðmótið tókst mjög vel á síðasta ári og við vonum að það veki einnig lukku að þessu sinni.



UPPSKRIFTARHORNID

Ótrúlegt að Árný skuli hafa trú á mér, oftast fær hún ekki annað en vatn þegar við hittumst og ef það er eitthvað annað þá rámar mig í Betty köku með lágmarks fyrirhöfn og lasagne með engum lasagne plötum.....

En hér er ein uppskrift sem hefur ekki klikkað :

Dumle-konfekt

300 gr Dumle karamellur, grófsaxaðar

130 gr smjör

200 gr fylltar lakkrísreimar, grófsaxaðar

90 gr kornflex, mulið

Bræða karamellurnar og smjórið saman í potti

Bæta lakkrís og kornflexi saman við og hrærið vel

Setjið í form hulið smjörpappir (stærð forms fer eftir hversu þykkt maður vill hafa konfektíð) og geymið í kæli á meðan kremið er útbúið.

Krem

400 gr rjómasúkkulaði

60 gr smjör

Bræðið saman í örbylgjuofni eða yfir vatnsbaði

Hellið yfir konfektíð

Setjið í frysti í amk 20-30 min og skerið konfektíð svo í bita.

Berist fram við ískáphita.

Ég skora á Aldísi á Stóru-Reykjum.

Unnur Þorvaldsdóttir, Litlu-Reykjum



Frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps

Skógræktarfélagið heldur áfram að heimsækja skóga í nágrenninu og í ár er stefnan tekin á Þrastarskóg.

Fyrirhugað er að fara mánudagskvöldið 10. júní ef veðrið verður til friðs. Mæting verður kl 19:30 á bílastæðinu við Þrastarlund. Genginn verður hringur upp með Soginu og að Álftavatni og svo til baka um skóginn með nestisstoppi á vel völdum stað. Gönguleiðin er létt og þægileg, rúmlega 3 km að lengd og ætti að henta flestum.

Nánari upplýsingar um viðburðinn verður á facebooksíðu Skógræktarfélagsins þegar nær dregur. Einnig er hægt að hafa samband við Erlu (849 0502) til að fá nánari upplýsingar.

Fréttir frá Krakkaborg

Í Krakkaborg er fólk í sumarskapi og hafa nemendur og starfsfólk keppt við að sinna vorverkum. Búið er að setja niður kartöflurnar, sá grænmeti og planta trjám. Áherslan þessa vorönn er á að rækta upp Engið okkar góða, mynda gott skjólbelti og fíkra okkur í átt að sjálfbærni með grænmetisrækt. Eins er unnið að áframhaldandi þróun á útilóðinni okkar sem er svo frábær og stútfull af námsmöguleikum.

Við þökkum öllum kærlega fyrir komuna á Opið hús í tengslum við Fjör í Flóa og erum strax farin að hlakka til Opna hússins á sama tíma að ári.

Bestu kveðjur, nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

Frá Einbúanefnd Þjótanda

Hreinsunardagur

Árlegur hreinsunardagur í Einbúa fer fram fimmtudagskvöldið 13. júní. Ætlunin er að byrja kl. 20:00. Við munum slá gras, þrifa klósett og skúrinn, yfirfara girðingar og margt fleira sem hægt verður finna. Endilega hafið með ykkur þau áhöld sem þið teljið að gætu komið að notum s.s. sláttuvélar, slátturorf, hrífur, hamra og annað sem mögulega væri hægt að nota. Og hver veit nema við munum bjóða öllum upp skúffuköku og mjólk/safa að verki loknu.

Einbúi

Einbúi er útivistarsvæði í eigu Ungmennafélagsins Þjótanda. Svæðið er staðsett í Oddgeirshólaklettum, er um 2,5 hektar að stærð, umkringgt trjágróðri á alla vegu. Beygt er til hægri þegar komið er upp undir bæ í Oddgeirshólum og síðan aftur til hægri þegar komið er þangað sem vegurinn greinist í tvær áttir. Er þá komið að veglegu járnhliði sem stendur á Einbúi.

Við viljum endilega hvetja ykkur íbúa Flóahrepps til að nýta svæðið í Einbúa til útivistar hvort sem það eru saumaklúbbar, skólahópar, vinahópar eða allskonar aðrir hópar. Við erum að reyna að gera svæðið sífellt vistlegra og skemmtilegra til útivistar. Til dæmis var komið þar upp klósettaðstöðu í fyrrasumar. Þá munu koma þangað bekkir á næstu dögum og einnig er stefnt að því að reyna að finna grill til að hafa þar. Því miður er ekki rafmagn á svæðinu.

Það kostar ekkert að fá að nota svæðið kvöldstund en ef hópar vilja fá svæðið leigt til lengri tíma svo sem fyrir útilegur yfir nótt eða tvær, þá er tekið fyrir það vægt gjald. Endilega hafið samband við formann Einbúanefndar, Baldur Gauta í síma 867-3538 eða forráðamenn Umf. Þjótanda til að fá svæðið lánað hvort sem er til lengri eða skemmri tíma.

Úrslit af íþróttamótum

Vormót HSK fór fram á Selfossvellingnum þann 20. maí síðastliðinn. Þjótandi átti þar sex keppendur sem stóðu sig allir afar vel og margar bætingar litu dagsins ljós. Hér að neðan má sjá árangurinn þeirra.

Árni Páll Hafþórsson	'89	100m hlaup	12,61 sek	19.-20. Sæti
		Langstökk	5,48 m	6. Sæti
		Kúluv.(7,26kg)	11,06 m	1. Sæti
		Kringluk.(2kg)	20,82m	11. Sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	100m hlaup	13,11 sek	24.-25. Sæti
		Langstökk	5,10 m	9. Sæti
		Kúluv.(7,26kg)	8,93m	4. Sæti
		Kringluk.(2kg)	24,87m	10. Sæti
Elías Örn Jónsson	'03	100m hlaup	13,07 sek	23. Sæti
		Langstökk	4,66m	11. Sæti
Simon Martinsson	'03	100m hlaup	14,37 sek	29. Sæti
Smári Þór Svansson	'03	100m hlaup	13,61 sek	28. Sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	Hástökk	1,75m	2. Sæti
		Langstökk	5,74m	4. Sæti
		Kringluk.(2kg)	32,21m	4. Sæti

Íþróttæfingar fyrir krakka

Á miðvikudagskvöldum í sumar mun Ungmennafélagið Þjótandi standa fyrir íþróttæfingum á vellingum við Þjórsárver. Æfingarnar eru ætlaðar börnum fæddum á árunum 2006-2012 og verða frá kl. 20:00-21:00. Á æfingunum verður farið í ýmsar íþróttgreinar auk leikja. Þjálfari verður Sunna Skeggjadóttir og fyrsta æfingin verður 5. júní.

Við hvetjum foreldra til að vera duglegir við að sameina í bíla og skutla börnunum sínum á æfingar í sumar.

Íþróttanefnd

Leikjakvöld fyrir unglunga

Umf. Þjótandi verður með leikjakvöld fyrir unglunga á fimmtudagskvöldum í sumar. Æfingarnar eru ætlaðar fyrir krakka fædda 2006 og fyrr, og fyrsta æfingin verður í Þingborg 6. júní frá kl 20-22. Eftir það verða æfingarnar á mismunandi stöðum í sveitarfélaginu og þarf fólk að fylgjast með því á Facebook síðu félagsins.

Þjálfari verður Stefán Narfi Bjarnason.

Íþróttanefnd

Rúllun í sumar

Tek að mér rúllun og plöstun í sumar. 1250 kr - + vsk á rúllu, fyrir utan plast.

Frekari upplýsingar í síma 6998238.

Haraldur, Urriðafossi.

**Framræsingar
Fyllingar
Upphreinsanir
Efnisflutningar
Ýmis önnur jarðvinna**

Fossandi ehf. S:895-3437

Kæru sveitungar,
líkt og undanfarin ár verða
umhverfisverðlaun Flóahrepps
veitt á 17.júní hátíð sveitarfélagsins.

Tilnefningar skulu sendar á netfangið
floahreppur@floahreppur.is
til 10. júní en veitt verða verðlaun fyrir
lögbyli annars vegar og fyrirtæki hins vegar.



FRÁ KVENFÉLAGI HRAUNGERÐISHREPPS

Vorfundur félagsins verður haldinn í Betri stofunni á Hótel Selfossi miðvikudaginn 12. júní kl. 20, farið verður yfir starfið frá síðasta fundi og hvað framundan er, hittumst hressar, kátar og með fullt af góðum hugmyndum um góðar samverustundir í farteskinu.

Í boði verða tvær gerðir af súpu, brauð, kaffi og smá sæta á innan við kr. 2.000.

Við værum þakklátar ef þið skráið ykkur til þátttöku fyrir 11. júní í síma 6917082, 6992749 eða 8626445 þar sem við þurfum að tilkynna um fjölda.

Stjórnin.

Messuhald í júní í kirkjum Flóahrepps sem heyra undir Selfossprestakall

9. júní, hvítasunnudagur. Fermingarmessa verður haldin í

Villingaholtskirkju kl. 13:30.

Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir. Organisti er Ingi Heiðmar Jónsson og kór kirkjunnar syngur.

10. júní, annar hvítasunnudagur. Hátíðarmessa verður haldin í

Hraungerðiskirkju kl.13:30.

Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir. Organisti er Ingi Heiðmar Jónsson og kór kirkjunnar syngur.

16. júní, þrenningarhátíð. Guðspjónusta í **Laugardælakirkju kl. 11:00.**

Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing	5. júní
Leikjakvöld í Þingborg	6. júní
Fermingarmessa í Villingaholtskirkju	9. júní
Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju	10. júní
Gönguferð í Þrastarskóg	10. júní
Leikjanámskeið hefst	11. júní
Íþróttæfing	12. júní
Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	12. júní
Leikjakvöld	13. júní
Hreinsunardagur í Einbúa	13. júní
Messa í Laugardælakirkju	16. júní
Hátíðardagskrá í Einbúa	17. júní
Hraðmót Umf Þjótanda í fótbolta	17. júní
Íþróttæfing	19. júní
Leikjanámskeiði lýkur	21. júní
Íþróttæfing	26. júní
Leikjakvöld	20. júní
Leikjakvöld	27. júní
Útivistarverkefni Umf. Þjótanda hefst	1. júlí